

# FUNDARGERÐ

## 161. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps.  
**Fundartími:** Þriðjudagur 8. sept. 2009 kl. 16:00.  
**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

### **Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnáði.**

Í byrjun fundar bauð Þorgerður fundarmenn og þá sérstaklega nýjan skólastjóra Magnús Sæmundsson velkominn.

### **Gerðir fundarins:**

Á fundinn er mættur Magnús Sæmundsson skólastjóri.

## **I. Leikskólinn:**

Á fundinn eru mættar Halla Ólafsdóttir deildarstjóri og Victoria Jonsson fulltrúi foreldra.

### **1. Skóladagatal leikskóla.**

Halla lagði fram skóladagatal og rakti í stuttu máli starf leikskólans í vetur. Gert er ráð fyrir að starfsdagar leik, grunn og tónskóla séu sömu dagar.

Skóladagatal samþykkt.

Magnús upplýsir að áætlað sé að funda með deildarstjórum hálfsmánaðarlega.

### **2. Starfsmanna- og vistunarmál.**

Magnús sagði að 2 starfsmenn vanti á Leikskólann og búið væri að auglýsa í þessar stöður, og í dag hafa 2 umsóknir borist. Umsóknarfrestur rennur út á morgun.

Í leikskólann eru skráð 27 börn. 8 börn á neðri hæðinni og 19 börn á efri hæðinni.

### **3. Önnur mál.**

Halla vakti athygli á því að ekki væri búið að ganga frá ráðningu hennar sem deildarstjóra á leikskólanum.

Halla og Victoria yfirgefa fundinn.

## **II. Tónskólinn.**

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson deildarstjóri.

### **1. Skóladagatal tónskóla.**

Kristinn lagði fram skóladagatal tónskólans og rakti í stuttu máli skólastarfið í vetur.

Gert er ráð fyrir að starfsdagar leik, grunn og tónskóla séu sömu dagar.

Magnús upplýsir að áætlað sé að funda með deildarstjórum hálfsmánaðarlega.

Skóladagatal samþykkt.

### **2. Skráningar.**

Innritun var 20. og 21. ágúst s.l.

Í skólann eru skráðir 38 nemendur.

16 nemendur á píanó, 18 nemendur á gítar, 2 nemendur á bassa og 6 nemendur á trommur.

Tónskólinn kemur inn í grunnskólann í vetur 7 tíma á viku. 4 tíma á mið- og efsta stig og 3 tímar á yngsta stig.

### 3. Önnur mál.

Kristinn sagði frá vorferð sem hann fór með 8 nemendur í tónskóla Mýrdalshrepps til Flateyrar í vor þar sem tekið var þátt í söngvakeppni og voru 3 frumsamin lög með í ferðinni. Ásamt nemendum voru með í ferðinni Harpa Jónsdóttir, Guðmundur Pétur Guðgeirsson og Birgir Hinriksson.

Kristinn yfirgefur fundinn.

## III. Grunnskólinn.

Á fundinn eru mættar Anna Björnsdóttir deildarstjóri, Æsa Gísladóttir fulltrúi foreldra grunnskólans og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir fulltrúi kennara.

### 1. Skóladagatal grunnskóla.

Skóladagatal lagt fram.

Magnús lagði fram skóladagatal grunnskólans og rakti í stuttu máli skólafarfið í vetur.

Gert er ráð fyrir að starfsdagur leik, grunn og tónskóla séu sömu dagar.

Kolbrún Ósk gerir athugasemdir við að Skóladagatal hafi ekki fengið samþykki kennarafundar.

Skóladagatal hefur ekki hlotið umsögn Skólaráðs.

Skóladagatal samþykkt.

### 2. Umsóknir um námsvist.

Umsókn fræðsluviðs Kópavogsbæjar dags. 24.08.2009 um námsvist skólaárið 2009-2010.

Lagt fram til kynningar.

Beiðni um námsvist frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar dags. 26.08.2009 um námsvist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2009-2010.

Lagt fram til kynningar.

### 3. Starfsmannamál.

Enn vantar í 1 stöðu skólaliða/stuðningsfulltrúa við grunnskólann. Staðan var auglýst í síðustu viku.

### 4. Önnur mál.

Kolbrún Ósk og Æsa yfirgefa fundinn.

## IV. Almennt

### 1. Bréf Höllu Ólafsdóttur dags. 9. ágúst 2009

Í bréfinu óskar Halla eftir 5 daga viðbótarleyfi.

Fræðslunefnd samþykkir erindið.

Anna yfirgefur fundinn.

### 2. Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 10. ágúst 2009 v/inflúensu.

Anna kemur inn á fundinn.

Í bréfinu kemur m.a. fram að þær viðbragðsáætlanir sem skólum er nú gert að gera eru ekki eingöngu viðbrögð við þeirri inflúensu (H1N1) sem nú gengur. Slíkar áætlanir þurfa skólarnir að eiga, viðhalda og geta virkjað hvenær sem yfirvöld mæla svo fyrir um.

Magnús upplýsir að viðbragðsáætlun verði tilbúin fljótlega.

Lagt fram til kynningar.

Anna yfirgefur fundinn.

### 3. Skýrsla nefndar um framhaldsskóla í Rangárþingi.

Lagt fram til kynningar.

**4. Bréf Háskólafélags Suðurlands dags. 30. júní 2009**

Á fundi stjórnar Háskólafélags Suðurlands (HfSU) 10. júní s.l. var samþykkt að félagið festi kaup á fjarkennslubúnaði til endurnýjunar á núverandi búnaði í Vík. (Auk þeirra sem staðsettir eru á Hvolsvelli og Kirkjubæjarklaustri)

Stjórn Fræðslunetsins hefur sömuleiðis samþykkt að leggja til ný sjónvörp til tengingar við nýja fjarkennslubúnaðinn.

Háskólafélagið og Fræðslunetið vænta þess að eiga gott samstarf við heimaaðila um áframhaldandi fyrirkomulag í þessu sambandi. Umsýsla með fjarnámi á háskólastigi mun í haust að mestu leyti flytjast til Háskólafélagsins en Fræðslunetið mun áfram sinna öðrum fjarnemendum auk hvers konar námskeiðahalds í héraðinu.

Tækin eru komin í notkun.

Fræðslunefnd lýsir ánægju sinni með búnaðinn og samstarfið.

**5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009.**

Sveinn Pálsson kemur inn á fundinn.

Sveinn fer yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun.

Áætlun leikskólans er nánast að standast. Laun hækka örlítið sem kemur til af fleiri börnum og þar með fleira starfsfólki.

Áætlun grunnskólans ber með sér að launaliðir fara fram úr áætlun um 9,5 milljónir.

Hluta er hægt að rekja til skólastjóranskipta, hluta má rekja til viðbótarkostnaðar vegna sérkennslu og síðan hefur ekki náðst að skera jafn mikið niður og áætlað var.

Áætlun tónskólans er nánast að standast.

Fræðslunefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlunar fyrir sitt leyti.

Sveinn yfirgefur fundinn.

**6. Bréf sveitarstjóra dags. 4. september 2009**

Í bréfinu kemur fram að á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 27. ágúst s.l. var eftirfarandi bókað við umfjöllun um fundargerð 160. fundar fræðslunefndar:

Á fundinum samþykkti nefndin fyrir sitt leyti að ráða Magnús Sæmundsson í stöðu skólastjóra sameinaðs leik-, grunn- og tónskóla Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Magnús í stöðuna með 3 atkvæðum (SP, SH, ÞJ). Tveir sitja hjá (KP, ÓSB).

B-listinn leggur fram bókun:

*Fulltrúar B-listans furða sig enn og aftur á ófaglegum vinnubrögðum meirihlutans við undirbúning nýrrar skólastofnunar. B-listinn óskar eftir að meirihlutinn leggi fram starfslýsingu og starfskjör hjá nýjum skólastjóra og upplýsi um fríðindi ef einhver eru. Jafnframt verði upplýst um kostnað við ráðningu og starfslok Boga Ragnarssonar.*

Sveitarstjórn samþykkir að Anna Björnsdóttir gegni stöðu deildarstjóra grunnskóla og staðgengils skólastjóra þar til staðan verður auglýst.

Lagt fram til kynningar.

**7. Önnur mál.**

Fyrirhugað er að fræðslunefnd sækji sameinaðan leik-grunn og tónskóla heim í októbermánuði.

Fundi slitið kl.19:30

Inger Schiöth	Þorgerður Einarasdóttir Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
Guðný Sigurðardóttir		Lára Oddsteinsdóttir